

**1978 nr. 62 20. maí****Lög um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórn mála- flokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða á Íslandi**

Tóku gildi 6. júní 1978. Breytt með: L. 10/1983 (tóku gildi 25. mars 1983), L. 162/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007).

**■ 1. gr.**

□ . . . <sup>1)</sup> Þá er erlendum sendiráðum á Íslandi óheimilt að kosta eða styrkja blaðaútgáfu í landinu.

<sup>1)</sup> L. 162/2006, 13. gr.

**■ 2. gr.**

□ Lög þessi taka til stjórn mála flokka og félagasamtaka þeirra, svo og til hvers konar stofnana, sem starfa á þeirra

vegum, beint eða óbeint, þ. á m. blaða, og einnig til blaða og tímarita, sem út eru gefin á vegum einstaklinga eða félaga- samtaka.

**■ 3. gr.**

□ Bann það, sem felst í 1. gr. þessara laga, nær til hvers konar stuðnings, sem metinn verður til fjár, þ. á m. til greiðslu launa starfsmanna eða gjafa í formi vörusendinga.

**■ 4. gr.**

□ Erlendir aðilar teljast í lögum þessum sérhverjar stofnanir eða einstaklingar, sem hafa erlent ríkisfang, hvort sem þeir eru búsettir hér á landi eða ekki.

**■ 5. gr.**

□ Brot gegn lögum þessum varða sektum . . . <sup>1)</sup>

□ Fjármagn, sem af hendi er látið í trássi við lög þessi, skal gert upptækt og rennur til ríkissjóðs.

<sup>1)</sup> L. 10/1983, 74. gr.